

Námsefni

Handverkslota koparsmíði

29.9-23.10 2025

9-10.bekkur

Kennari; Sigurbjörg

Kennsla

Lotan er fimm tvöfaldir handverkstímar þar sem nemendur læra að smíða koparskál úr koparplötu.

Nemendur læra að nota áhöld til málmsmíða, setja upp vinnusvæði, móta koparplötuna í skálarform. hita koparinn, klippa málminn, þjala, pússa og vaxbera hlutinn.

Nemendur geta unnið eina til tvær skálar í tveimur stærðum á þessum tíma.

Markmiðið lotunnar er :

Að nemendur æfi sig í að vinna einfaldan hlut í mjúkan mál, læri aðferð til að smíða og lyfta hringlaga formi upp úr tvívíðri málplötu.

Læri um eiginleika þessa málms,hvernig hann er hitaður, hvernig best er að vinna með hann og æfi fegurðar og jafnvægissskynjun í hönnun hlutar.

Ennfremur að ljúka við hlutinn eins vel og hægt er, að skálin standi vel og sé vel frágengin, allar hliðar jafnar og horn klippt og pússuð.

Einnig að ganga vel um öll áhöld og vinnusvæði.

Hæfniviðmið

- Nemandi geti skipulagt raunhæft vinnuferli og fylgt því eftir.
- Nemandi geti þróað og endurmetið hugmynd og útfærslu á öllum stigum vinnuferlis.
- Nemandi geti beitt viðeigandi vinnustellingum og nýtt réttan hlífðarbúnað.
- Nemandi geti nýtt sér og beitt verkfærum og unnið með hráefnið eftir fyrirmælum.
- Nemandi hafi tamið sér vandvirkni,gott verklag, nýtingu hráfnis og góða umgengni og frágang.

Námsmat

Vinnumat kennara/leiðbeinandi mat.

Þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sköpun/vandvirkni

Skil á lokaafurð.

Efni

Allt hráefni og áhöld koma frá skólanum.